INNANBÆJAR

KRÓNIKA

GLEÐILEG JÓL !

Ritstjórn Krónikunnar óskar starfsmönnum Akureyrarbæjar og öllum bæjarbúum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári með þökk fyrir árið sem er að líða.

HVER ER MAÐURINN?

Hver er stúlkan á myndinni?
Lesendur eru beðnir að senda rétt svar á kronikan@akureyri.is. Dregið verður úr réttum svörum og fær viðkomandi verðlaun frá Sundlaug Akureyrar.

Í síðustu Króniku birtist mynd af Arnari Yngvasyni list- og handverksleiðbeinanda og húsverði í Rósenborg. Kristín Sigurðardóttir Hagalín skilaði inn réttu svari og hlýtur að launum verðlaun frá Sundlaug Akureyrar.

www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Útgefandi: Akureyrarbær
Ritstjóri: Hlynur F. Þormóðsson
Ritstjórn: Alma Rún Ólafsdóttir, Bergljót Jónasdóttir, Hlynur F. Þormóðsson og Hjörleifur Hjálmarsson
Netfang: kronikan@akureyri.is

MATARTÍMI !



Engilbert Ingvarsson aðstoðarverkstjóri Umhverfismiðstöðvar Akureyrarbæjar.

Í tilefni þess að jólin eru á næsta leyti deili ég minni eldunaraðferð á hamborgarhrygg eins og ég elda hann fyrir mína fjölskyldu.
Veljið ykkar uppáhalds hamborgarhrygg, setjið ofan í kalt vatnið og látið vatnið rétt fljóta yfir. Sjóðið eins lengi og stendur utan á pakkningu miðað við þyngd. Út í soðvatnið er sett u.þ.b. 3 dl. rauðvín og 1-2 laukar skornir í fernt. Látið suðuna koma rólega upp. Þegar hryggurinn er soðinn er pottinum kippt af hellunni og hann látinn kólna aðeins í soðinu. Takið svo hryggginn upp úr soðinu, setjið í steikarpott og látið kólna örlítið lengur. Kveikið á ofninum, stillið á 200° og látið hitna.
Á meðan hryggurinn sýður er sykurgljái búinn til.

Í honum er:
2-3 dl. sætt sinnep,
2-3 msk. púðursykur,
Knorr kjötkraftur, sirka einn og hálfur teningur.

Blandið sinnepi og púðursykri saman og myljið teningana út í. Blandan þarf að standa alla vega í klukkutíma og nauðsynlegt er að hræra í af og til á meðan hráefnið er að leysast upp. Þegar hryggurinn hefur kólnað í steikarpottinum er gljáanum smurt vel yfir. Bætið ofan í steikarpottinn 2 grófskornum laukum og ananas skífum, eftir smekk, og látið gljáann fara yfir. Setjið inn í heitan ofninn og steikið í 20-30 mín eða þar til hryggurinn er gullin brúnn.

Sósan:
Bakið upp smjörbollu og þynnið út með rauðvínssoðinu úr pottinum (sigtað). Hellið öllu úr steikarpottinum í sósupottinn (í gegnum sigti). Bætið svo út í sirka 2 dl. af rauðvíni og vel af rjóma. Smakkið til með kjötkrafti, púðursykri, sinnepi og jafnvel smávegis af kók.
Berið fram með brúnuðum kartöflum, rauðkáli, rósakáli og Waldorfssalati. Verði ykkur að góðu og gleðileg jól.

Engilbert skorar á Guðmund Hákonarson smíðakennara í Giljaskóla í næstu Króniku.

Gott að vita

Annaruppbót

Kennari í fullu starfi skal fá greidda annaruppbót (persónuuppbót) í lok hverrar annar, þ.e. 1. desember og 1. júní. Með fullu starfi er átt við 100% starf tímabilið 1. janúar til 31. desember. Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Desemberuppbót

Starfsmaður í fullu starfi fær greidda desemberuppbót. Með fullu starfi er átt við 100% starf tímabilið 1. janúar til 30. nóvember sama ár. Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi eða starfað hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og/eða starfstíma, þó þannig að hann hafi starfað samfellt a.m.k. frá 1. september það ár. Starfsmaður sem lætur af störfum á árinu, en hafði þá starfað samfellt í a.m.k. 6 mánuði skal einnig fá greidda uppbót miðað við starfstíma og starfshlutfall á árinu. Hlutfall skv. þessari málsgrein er reiknað sem hlutfall af fullri vinnu (100%) í 12.

Tilboð á vetrarkortum

Starfsfólki Akureyrarbæjar gefst kostur á að kaupa vetrarkort í Hlíðarfjalli á afslætti.
Framvísa þarf hausnum af launaseðli í afgreiðslunni í Hlíðarfjalli (ekki eldri en þriggja mánaða gamall) og ganga frá greiðslu í leiðinni.
Starfsfólk bæjarins getur keypt vetrarkort fyrir sig sjálft og einnig fyrir maka.
Þeir sem eiga lykilkort og vilja nota þau áfram verða að koma með þau með sér þannig að hægt sé að hlaða inn á nýju korti.
Þeir sem ekki eiga lykilkort geta keypt slík í Hlíðarfjalli.
Nánari upplýsingar má sjá á heimasíðunni www.hlidarfjall.is.

PLÖTUSKÁPURINN

Ragnar Hólm Ragnarsson, verkefnastjóri markaðs- og kynningarmála Akureyrarbæjar og myndlistarmaður, *skoðar Plötuskápinn* fyrir jólin og dregur fram nokkra gullmola.

Fyrsta platan sem þú keyptir?
Man það ekki. Líklega eitthvað með bresku hljómsveitinni Slade.

Besta plata sem þú átt?
Blonde on Blonde með Bob Dylan.

Lélegasta plata sem þú átt?
Eitthvað Top of the Pops drasl er líklega enn til heima.

Mest spilaða platan þín?
Kannski *Darkness on the Edge* of Town með Bruce Springsteen.

Uppáhalds jólaplatan?
Christmas in the Heart með Bob Dylan.

Besta jólalagið?
Hátíð fer að höndum ein.

Flottasta umslagið?
Sticky Fingers með Rolling Stones.

Ljótasta umslagið?
Þau eru óteljandi en af þekktum umslögum má nefna *Dirty Work* með Stones og flestöll plötuumslögin með Prince.

Skrítnasta plata sem þú átt?
Metal Machine Music með Lou Reed.

Besta barnaplatan?
Lög unga fólksins með Hrekkjusvínum.

Vínyll, geisladiskur, i-pod eða síminn?
Nú orðið langmest síminn og tölvan með Spotify.

HIN HLIÐIN



Dóra Sif Sigtryggsdóttir sýnir á sér *Hina hliðina* í jólaútgáfu Krónikunnar. Dóra er viðskiptafræðingur og skrifstofustjóri Fasteigna Akureyrarbæjar. Verkefnin eru af ýmsu tagi og allt frá því að svara viðskiptavinum yfir í að undirbúa og rita fundargerðir stjórnar Fasteigna Akureyrarbæjar, vinna að fjárhagsáætlunum, sjá um búnaðarkaup með stofnunum bæjarins og hafa eftirlit með nýframkvæmdum.

Hvað er skemmtilegast við starfið þitt?
Fjölbreytileiki verkefnanna. Það er sérstaklega skemmtilegt að taka þátt í og hafa áhrif á eignir og ímynd bæjarins. Síðast en ekki síst nefni ég samstarfsfólkið mitt frábæra.

Fjölskylduhagir?
Ég er trúlofuð Hannesi Arnari Gunnarssyni sjómanni og á með honum þrjú börn, Huldu Björgu 16 ára, Gunnar Berg 9 ára og Arnar Berg 7 ára.

Áhugamál?
Íþróttir og samvera með fólki.



Hvaða bók lastu síðast?
Býr Íslendingur hér? eftir Garðar Sverrisson.

Hvaða bíómynd sástu síðast?
VAIANA sem er fjölskyldu jólamyndin í ár. Mæli klárlega með henni fyrir allan aldur.

Leyndir jólahæfileikar?
Ég leyni á mér í innpökkun gjafa.

Uppáhalds jólamatur?
Svínahamborgarhryggur og reyktur svartfugl.

Hvað finnst þér skemmtilegast við jólin?
Samveran með fjölskyldu og vinum.



Besta jóla bíómyndin?
The Holiday og Love actually og síðan hef ég alltaf gaman af Home Alone myndunum.